



Húftrygging fyrir íslensk fiskiskip

100,49 rúmllestir brúttó eða minni

Skilmáli nr. MM20

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. MM20.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Húftrygging fiskiskipa er fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem nota skip, t.d. til fiskveiða í atvinnuskyni. Tryggingin bætir ýmis tjón sem verða á skipinu, á sjó eða á landi.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

I. Almenn ákvæði

Almenn ákvæði gilda um II. og III. kafla skilmála þessara.

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggingin tekur til skips þess sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun og fylgifyr þess.
- 1.2 Til fylgifyrjár skipsins teljast vélar skipsins, gangskrúfa og aðrar skrúfur, öxlar, gírar, vindur, rafkerfi, fiskleitartæki, fjarskiptatæki, siglingatæki og annar sambærilegur búnaður sem telst nauðsynlegur á hverjum tíma, auk varahluta, enda séu þessir munir um borð í skipinu.
- 1.3 Tryggingin tekur ekki til hugbúnaðar, fiskikassa, fiskikara, umbúða, pakkninga, afla og veiðarfæra þ.á.m. varpa ásamt hlerum og vírum, nema og senda sem festir eru við veiðarfæri, belgja, bauja og bólfæra.

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Eigandi skips er tryggður.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir innan fiskveiðilandhelgi Íslands og á siglingu til hafna í vestanverðri Evrópu sem VÍS samþykkir.

4. Framlenging tryggingartímabils

- 4.1 Ef tryggingu myndi lokið meðan skip er á ferð sinni, hvort heldur það er samkvæmt tryggingarsamningnum eða fyrir uppsögn vegna annarra atvika en vanskila á greiðslu fyrir trygginguna, fellur samningurinn þó fyrst úr gildi kl. 24.00 á komudegi skipsins til fyrsta ákvörðunarstaðar þess miðað við staðartíma.
- 4.2 Ef tryggingin framlengist af þessum sökum getur VÍS krafist iðgjalds fyrir framlenginguna, 1/365 hluta af síðasta ársiðgjaldi fyrir hvern dag sem tryggingin er framlengd.
- 4.3 Að öðru leyti vísast til 2. gr. almennra skilmála VÍS nr. YY10 um hvenær tryggingin tekur gildi og hvenær henni lýkur.

5. Varúðarreglur

- 5.1 Skipið skal vera smíðað, útbúið og haldið við í samræmi við notkun þess. Jafnframt skal tryggður, eða menn sem hann ber ábyrgð á, fara eftir lögum og reglum sem settar eru til að tryggja öryggi skipsins.
- 5.2 Þegar skip er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess og læsa því. Jafnframt ber tryggðum að hafa reglulegt eftirlit með skipinu þegar það er í höfn, lægi



eða sátri.

- 5.3 Þegar skip er í sátri eða um lengri tíma í höfn eða lægi skal tryggður taka siglingatæki, fjarskiptatæki, handfærarúllur og annan lausan búnað úr skipinu.
- 5.4 Tryggður skal sjá til þess að skipinu sé haldið við með fullnægjandi og eðlilegum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Skipið skal vera haffært þegar það lætur úr höfn, útbúið og mannað með fullnægjandi hætti, tryggilega hlaðið og nauðsynleg skipsskjöl skulu vera um borð.
- 5.5 Tryggður skal sjá til þess að starfsmenn séu ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við vinnu sína.

6. Áhættubreyting

- 6.1 Allar breytingar á gerð tryggðs skips og notkun, sem haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni, skal tilkynna VÍS tafarlaust. Um réttaráhrif áhættuaukningar fer eftir ákvæðum 25. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Verð

- 7.1 Verð tryggingarinnar er reiknað út frá notkun, gerð og verðmæti tryggðs skips.

8. Endurgreiðsla

- 8.1 Falli tryggingarsamningur úr gildi áður en tryggingartímabili lýkur endurgreiðir VÍS trygginguna hlutfalli við þann tíma sem tryggður hefur greitt fyrir og tryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef tryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að VÍS hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir altjón.
- 8.2 Ef skipinu er lagt í öruggri höfn að mati VÍS skal að tryggingartímabilinu loknu endurgreiða hluta iðgjaldsins. Endurgreiðslan nemur 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag, enda hafi skipið legið samfleytt í 20 daga eða lengur. Ef tjónabætur á tryggingartímabilinu fara fram úr helmingi ársiðgjalds fellur endurgreiðslan niður fyrir það tímabil. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni sem nemur minna en helmingi ársiðgjalds skal endurgreiða iðgjald, þó aldrei meira en svo að samanlögð endurgreiðsla og tjónabætur fari ekki fram úr helmingi ársiðgjaldsins.

9. Eigendaskipti

- 9.1 Ef eigendaskipti verða að skipinu eða það er sett undir aðra útgerðarstjórn fellur tryggingin úr gildi þegar eigendaskipti eða skipti á útgerðarstjórn hafa átt sér stað. VÍS er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef tjónsatburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum eða skiptum á útgerðarstjórn, ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið tryggingu.

II. Húftrygging

10. Tryggingarfjárhæð

- 10.1 Tryggingarfjárhæð kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittum.

11. Hvað bætir tryggingin?

- 11.1 VÍS greiðir bætur fyrir altjón í eftirfarandi tilvikum:
 - 11.1.1 Skipið ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það eða kostnaður við að bjarga því og gera við það er hærri en tryggingarfjárhæðin.
 - 11.1.2 Skipið hefur ekki komið fram þremur mánuðum eftir að síðast spurðist til þess eða áhöfnin hefur yfirgefið skipið og það ekki komið undir umráð tryggðs innan þriggja mánaða frá því það var yfirgefið, en við það tímamark sem hér greinir telst tjónsatburður samkvæmt ákvæði þessu einnig hafa orðið.
 - 11.1.3 Skipið er hernumið eða kyrrsett af erlendu ríki og ekki látið laust innan sex mánaða. Ákvæði þetta á ekki við um tjón sem hlýst af því að skip er gert upptækt í refsímáli, kyrrsett eða selt að kröfu skuldheimtumanna.
 - 11.1.4 Skipið verður fyrir svo miklum skemmdum, að kostnaður við að bjarga því og gera við það er hærri en tryggingarfjárhæðin.
- 11.2 VÍS greiðir bætur vegna tjóns að hluta í eftirfarandi tilvikum:
 - 11.2.1 Skemmdir á skipinu af völdum þess að það sekkur eða því hvolfir, einnig af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, snjóflóðs, aurskriðu, elds, sprengingar, eldingar, strands, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, áreksturs á annan fastan eða fljótandi hlut, með þeim takmörkunum sem ákveðnar eru í skilmálum þessum. Um skemmdir á vélum skipsins gilda sérstakar reglur, sbr. gr. 11.2.2 og 15.4 hér á eftir.
 - 11.2.2 Skemmdir á aðalvél skipsins ef eftirtaldir aðalhlutar hennar eyðileggjast af öðrum ástæðum en greinir í gr. 11.2.1: Vélarblokk, stimplar, slífar, strokklok, kambás ásamt legum, tannhjól og ásar, forþjappa, sveifarás,



sveifaráslegur og botnskál. Bætur miðast eingöngu við verð á nýjum vélarhlutum, en annar kostnaður greiðist ekki, t.d. vinna eða slippkostnaður. Bætur lækka um 6% fyrir hvert ár frá smíði vélarinnar í allt að 12 ár, en eigin áhættu skal ekki beitt.

- 11.2.3 Tjón sem stafar af innbroti; þjófnað eða skemmdarverk.
- 11.2.4 Tjón sem verða á skipinu við sjósetningu eða upptöku vegna skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar, svo og í flutningi að og frá geymslustað innan sama lögsagnarumdæmis.
- 11.2.5 Kostnað við björgun og eðlilegan kostnað við ráðstafanir til að varna tjóni, sbr. þó ákvæði siglingalaga um takmörkun ábyrgðar.
- 11.2.6 Þátttöku í sameiginlegu sjótjóni eins og slík þátttaka er ákveðin í York-Antwerpen reglunum.

12. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- 12.1 Skemmdir á þeim hlutum skipsins sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á.
- 12.2 Tjón sem stafar af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, slitu eða sambærilegum orsökum. Sama gildir um tjón sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga sem gera þarf á skipinu vegna hönnunargalla.
- 12.3 Kostnað sem fylgir bótaskyldri tjónsviðgerð að því marki sem útgerðarmaður hefði sjálfur orðið að greiða hann fyrir eigin reikning vegna útgerðarinnar, viðhalds og/eða viðgerðar, ef hin bótaskylda viðgerð hefði ekki farið fram samtímis.
- 12.4 Kostnað vegna yfir- og helgidagavinnu.
- 12.5 Kostnað við að hreinsa og mála botn skipsins.
- 12.6 Óbeint tjón, svo sem aflatjón og kostnað sem stafar af töf. Sama á við um starfsmannakostnað, hafnargjöld og eldsneytisnotkun meðan á viðgerð stendur.
- 12.7 Sektir og önnur refsiviðurlög.

13. Skip sama eiganda

- 13.1 Nú rekst tryggt skip á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er VÍS þá greiðsluskilylt samkvæmt skilmálum þessum þótt það skip sé eign tryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.
- 13.2 Þegar svo stendur á skulu tryggður og VÍS fela einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð. Ef aðilar koma sér ekki saman um gerðarmann skal þess óskað að dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur tilnefni hann. Niðurstaða gerðarmanns er bindandi og verður henni ekki skotið til dómstóla.

14. Háttsemi annarra

- 14.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og stjórnenda hins tryggða skips.

15. Ákvörðun bóta

- 15.1 Ef skipið ferst eða verður dæmt óbætandi samkvæmt 2. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. gr. 11.1.1 í skilmálum þessum, bætir VÍS tjónið með því að greiða tryggingarverðmæti skipsins.
- 15.2 Skemmdir á skipinu bætir VÍS með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað sem fallið hefur á tryggðan, sbr. þó gr. 15.4.
- 15.3 Bætur fyrir skemmdir eða missi skipsins skulu við hvern einstakan tjónsatburð ekki vera hærri en tryggingarfjárhæðin.
- 15.4 Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum, vélbúnaði og varahlutum skulu bætur nema frumverði hlutarins að frádreginni fyrningu miðað við aldur hans. Fyrningin er 6% fyrir hvert ár frá smíði véla og tækja í allt að 12 ár.
- 15.5 Ef skip ferst og fyrir eru óviðgerðar skemmdir á því sem tilkynntar hafa verið til VÍS og VÍS hefur haft tækifæri til að skoða, koma engar bætur vegna þeirra við uppgjör á tjóninu. Fyrri tilkynnt og óuppgjörð tjón eru meðhöndluð á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.
- 15.6 Nú semur VÍS við tryggðan um bætur án þess að viðgerð fari fram eða skipið hafi verið dæmt óbætandi, sbr. gr. 11.1.1 og tryggður heldur skipinu og skulu þá bæturnar aldrei vera hærri en 90% af viðgerðarkostnaði eins og dómkvaddir matsmenn meta hann eftir ákvæðum skilmálanna.
- 15.7 Nú er gert við skipið þó að skilyrði gr. 11.1.1 séu fyrir hendi og takmarkast þá greiðsluskilylda VÍS við tryggingarfjárhæðina en að frádregnu verðmæti skipsins eftir tjónsatburð. Þó eru greiddar hæfilegar bætur umfram tryggingarfjárhæð vegna kostnaðar tryggðs við að varna tjóni eftir að tjónsatburður hefur gerst, sbr. 38. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 15.8 Sé skip selt áður en viðgerð fer fram gilda reglurnar í gr. 15.6 ef sannað er að söluverð skipsins lækkaði sem nam eigi lægri fjárhæð en metnum viðgerðarkostnaði hinna



óviðgerðu skemmda.

- 15.9 Tjón á bol báts úr trefjaplasti eða plastefnum þegar notaðar eru viðurkenndar aðferðir til viðgerðar. Það telst fullnaðarviðgerð þó um útlitsgalla sé að ræða.

16. Viðgerð á skemmdum

- 16.1 Tryggður skal gefa VÍS kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 16.2 Tryggður skal sjálfur annast viðgerð á skemmdum á skipinu nema VÍS fari fram á annað. Tryggður skal hafa fullt samráð við VÍS um hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum sem tryggingin bætir. Geri hann það ekki er VÍS óskýlt að greiða kostnaðarauka sem af því kann að leiða.
- 16.3 Að jafnaði skal viðgerð fara fram innan árs frá tjónsatburði og er VÍS ekki skylt að greiða kostnaðarauka ef dráttur verður lengri. Sama gildir ef efnislegt tjón eykst við það að viðgerð dregst lengur en eitt ár.

17. Réttur VÍS til tjónamuna

- 17.1 Þegar VÍS hefur greitt bætur fyrir altjón eða einstaka hluti öðlast það rétt tryggðs til þess sem enn kann að vera til af hlutum sem það hefur bætt. VÍS á rétt á því að fá afhent öll skjöl og sönnunargögn sem varða muni þessa frá tryggðum.

III. Ábyrgðartrygging

18. Tryggingarfjárhæð

- 18.1 Hámark samanlagðra bóta samkvæmt þessum kafla vegna eins tjónsatburðar fer eftir ákvæðum IX. kafla siglingalaga nr. 34/1985.

19. Hvað bætir tryggingin?

- 19.1 Tryggingin bætir tjón sem tryggt skip veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess, enda sé um að ræða beint líkams- eða munatjón sem tryggður veldur með saknæmum og ólögnum hætti.
- 19.2 Tryggingin bætir kostnað við að fjarlægja flak skips þriðja aðila.

20. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 20.1 Tryggingin bætir ekki:
- 20.1.1 Tjón starfsmanna eiganda eða útgerðarmanns hins tryggða skips, né tjón eiganda afla eða annars sem skipið flytur.
 - 20.1.2 Tjón þriðja aðila vegna ábyrgðar tryggðs á skemmdum munum eða glataðra muna sem tryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem tryggður hefur tekið í heimildarleysi.
 - 20.1.3 Sektir og önnur refsiviðurlög.
 - 20.1.4 Óbeint tjón, svo sem aflatjón og kostnað sem stafar af töf.

21. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 21.1 Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. þó 18. gr. skilmála þessara.

22. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 22.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi, sbr. þó 18. gr. skilmála þessara.
- 22.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnaðinn
- 22.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 22.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.

23. Staða tjónþola við tjón

- 23.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 23.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atríðum



sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.

23.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur VÍS og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.

23.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

24. Meðferð bótaskyldu

24.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.

24.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.